# MEISTARAMÓT GR 2026
# KEPPNISSKILMÁLAR

1. Mótið er innanfélagsmót. Leikfyrirkomulag mótsins er höggleikur án forgjafar:
    a. Eftirfarandi flokkar spila höggleiksafbrigði þannig að hámarkshöggafjöldi á hverri holu eru 10 högg, þegar leikmaður er búinn með 10 högg á holu er boltinn tekinn upp og skrifað 10 högg á viðkomandi holu.
    b. Flokkarnir með hámarkshöggafjölda eru:
        i. 3., 4. og 5. flokkar karla
        ii. 3. og 4. flokkur kvenna
        iii. 50-64 ára karla forgjöf hærri en 10,4
        iv. 50-64 ára kvenna forgjöf hærri en 16,4
        v. 65+ flokkar karla
        vi. 75+ flokkar karla
        vii. 65+ flokkar konur
        viii. 75+ flokkar kvenna
        ix. Allir unglingaflokkar.
2. Hver flokkur leikur 18 holur á dag. Börn 12 ára og yngri með forgjöf 30,1 og hærra leika 9 holur á dag og leika því 27 holur. Aðrir flokkar sem byrja á sunnudegi leika 54 holur og þeir flokkar sem hefja leik á miðvikudegi leika 72 holur. Sjá ítarlegar upplýsingar á www.grgolf.is undir „**Golf -> Meistaramót**" um skiptingu flokka og leikdaga.
3. Leikið er á báðum völlum klúbbsins í öllum flokkum. Sjá vallarmat á öllum völlum GR á grgolf.is, undir golfvellir.
4. Veitt eru verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokki. Verðlaun verða afhent í mótslok, lokahóf/verðlaunaafhending unglingaflokka verður haldið í klúbbhúsi Grafarholts á þriðjudagskvöldi, lokahóf/verðlaunaafhending fyrir aðra flokka verður haldið í klúbbhúsi Korpunnar að móti loknu á laugardagskvöldi.
5. Verði tveir eða fleiri keppendur jafnir í verðlaunasæti, skulu keppendur leika bráðabana til úrslita.
6. **Hámarkstími:** Leika skal eftir opinberum leikhraðareglum GR sem hanga á upplýsingatöflu golfskála.
7. Golfbílar í meistaraflokki karla, kvenna og barna- og unglingaflokkum eru ekki leyfðir nema gegn læknisvottorði.
8. Skráning á skori fer fram rafrænt í síma gegnum skorkóða sem keppendur fá sendan. Einn keppandi skráir fyrir alla í ráshópnum, annar meðlimur ráshóps skráir skor á skorkort fyrir alla í ráshópnum. Skráning í Golfbox gildir sem staðfest skor. Strax að leik loknum skulu allir meðlimir ráshóps yfirfara skráð skor og skila skorkorti í golfverslun eins fljótt og hægt er.

Mótsstjórn.